

5. tbl janúar 2010 - Útgefandi: Guðmundur R Lúðvíksson, myndlistamaður

**Meðal efnis:**

Myndlist frá Venezuela - Listamaðurinn - Troðningur vill vita - Töfradrykkurinn  
Gardiner Museum of Ceramic Art - Bláa lónið - Saltfisksetrið - Veist þú - ofl.



Forsíðumyndin er af undirbúningi á trúarhátíð hjá Múslimum.

### Töfradrykkurinn

Guðmundur R Lúðvíksson

Fyrir austan bæinn Junkaragerði á Suðurnesjum er hæð sú, er nefnist Stóri-Dilkur. Hæð þessi er gróðurlaus á alla vegu, há og glögg frá umhverfinu af sjó að sjá.

Í gamla daga bjó einhverju sinni í Junkaragerði bóndi sá er Eyvindur hét. Hann var vænn yfirlitum, mikill að vexti og burðum og fáskiptinn um hag annarra. Hann var ókvæntur er saga þessi gerðist og stundaði sjó sumar og vetur og græddist fé. Hann var talinn hafa draumkonu, er varaði hann við veðrum og þóttust hjú hans hafa séð hana hverfa stundum frá svefnstofu hans á nóttum. Fór það þá stundum þannig að búsýsla hans og sjósókn varð mjög næturblandin.

Eitt sinn, er leið að jólum, þóttust heimamenn verða varir meiri umferðar í bænum á nóttum en nokkru sinni fyrr, en á

sama tíma hafði Eyvindur draumfarir miklar á hverri nóttu, svo að dreygni hans gerði hann loks afhuga heimilisstörfum. Daginn fyrir þrettándann brá hann sér inn að Kirkjuvogi. Segir ekki af för hans og leið svo þrettándanóttin að hann kom eigi heim. Þennan morgun með birtu bar svo við í Junkaragerði að gamall maður, er Egill hét, gekk út og ætlaði niður til nausta en í því sá hann Eyvind vera kominn heim undir bæinn. Asi mikill var á honum og var svipur hans sem hefði hann munnhörpur. Hann kom úr þeirri átt, sem Dilkurinn var.



# Myndlist frá Venezuela

Þegar maður hugsar um myndlist kemur ekki fyrst upp í huga manns myndlist frá Suður Ameríku eða hvað þá Venezuela. Örugglega á þetta eins við um þegar aðrar þjóðir hugsa um myndlist, þá er Ísland ekki það fyrsta sem mönnum dettur í hug ( þótt okkur finnist auðvitað að svo eigi að vera ).

Þau lönd sem tilheyra Suður Ameríku eru, Argentina, Bolivia, Brazil, Chile, Colombia, Ecuador, Guyana, Paraguay, Peru, Suriname, Uruguay, Venezuela. Í 300 ár var Venezuela Spönsk nýlenda og spænska er tungumál þjóðarinnar. Svo það ætti ekki að koma á óvart að menning þar sé undir áhrifum, sérstaklega frá Spáni. Viss þjóðareinkenni má þó sjá í myndlist sem þar fer fram í söfnum og galleríum, þó svo að segja megi í raun að myndlist eins og við þekkjum í dag og “ viðurkennum “ sem virta myndlist hafi engin landamæri og sé í raun allstaðar eins. Ákveðin glóbal hugmynd er í gangi hvað hana varðar. Þó örlar enn á vissum karakter einkennum í útfærslum og efnistöfum, og jafnvel nálgun á hugmyndum og framsetningu. Segja má að Evrópu menningin og Ameríku menningin hafi “ eignað sér “ á vissan hátt myndlistina, þótt hún einnig hafi tileinkað sér á vissan hátt og sótt í menningu og listir annarra þjóða. Ákaflega lítið er fjallað um myndlist frá S- Ameríku í hinum vestræna heimi. Það hefur í raun einkennt alla umræðu á myndlist sem Evrópubúar alast upp við að sniðganga aðra en sjálfan sig. Það sama er í raun þegar um myndlist og menningu frá Asíu er að ræða.

En það er líka gott að átta sig á því að í öðrum heimshlutum er ekkert síðri myndlist og á fullt erindi inn í alþjóðlega myndlist. Troðningur lætur hér nokkrar myndir af verkum frá Venezuela fljóta með til gamans. Þess má líka geta að Troðningur rakst á það að myndlistamaðurinn Georg Guðni hefur sýnt verk sín í því ágæta landi.

Venezuela:

Íbúafjöldi: 27 milj. íbúar

Stærð lands: 916,445 km<sup>2</sup>

Forseti landsins: Hugo Chávez Frías



## Troðningur vill vita !

Bláa lónið íslensk sundlaug í lóni á Reykjaneskaganum sem af-fallsvatn frá Hitaveitu Suðurnesja myndar. Árið 1976 myndaðist lón í kjölfar starfsemi Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi og árið



1981 fór fólk að baða sig í lóninu þegar í ljós kom að böðun hefur jákvæð áhrif á húðsjúkdóminn psoriasis. Sex árum seinna eða árið 1987 opnað baðaðstaða fyrir almenning og 1992 var Bláa Lónið hf. stofnað.

Árið 1994 tók Bláa Lónið hf. yfir rekstur baðstaðarins og í kjölfar opnaði göngudeild fyrir psoriasis og exem sjúklinga og fljótlega koma fyrstu Blue Lagoon húðvörurnar á markað. Megin markmið félagsins er að vera í forystu um uppbyggilega heilsu- og ferðapjónustu á Íslandi.

Einstakleiki og eiginleikar Blue Lagoon jarðsjávarins eru aðalmerki félagsins en jarðsjórinn inniheldur steinefni, kísil og þörungum sem þekktur er fyrir lækningarmátt sinn.

Bláa Lónið hefur unnið til margskonar verðlauna, m.a. fyrir að vera besta náttúrulega heilsulind heims, einn af tíu ótrúlegustu baðstöðum heims og ein af 25 bestu heilsulindum í heimi.[1]

Bláa lónið er nú einhver fjölsóttasti ferðamannastaður á Íslandi bæði af innlendum og erlendum ferðamönnum. Starfsemi félagsins er á þremur sviðum, rekstur Bláa Lónsins, þróun og markaðssetning á Blue Lagoon húðvörum en nú er að finna breytt úrvarl húðvara fyrir andlit og líkama, og rekstur heilsulindar þar sem veitt er meðferð við húðsjúkdómnum psoriasis. Bláa Lónið hefur opnað nokkrar verslanir með Blue Lagoon vörum sínum og sú nýjasta er Blue Lagoon spa í Hreyfingu heilsulind. Hjá fyrirtækinu starfa um 90 manns. Blue Lagoon psoriasis meðferðin hefur hlotið viðurkenningu íslenskra heilbrigðisyfirvalda en fyrirtækið hefur boðið upp á meðferðir gegn sjúkdómnum frá árinu 1993. Meðferðin byggir fyrst og fremst á böðun í jarðsjónum en hann er eins og áður sagði þekktur fyrir lækningarmátt sinn. Bláa Lónið ræktar blágræna þörungum sem einangraðir hafa verið úr jarðsjó Bláa Lónsins. Þetta eru sjaldgæfir þörungar sem einungis hafa fundist í jarðsjó Bláa Lónsins. Þörungarnir og virk efni úr þeim eru notaðir í húðvörum Bláa Lónsins - vörumerki húðvaranna er Blue Lagoon Iceland. Rannsóknir hafa leitt í ljós áhugaverða lífvirkni þörunganna á húðina, einkum gegn öldrun hennar, auk þess að vera framleiðendur að ýmsum áhugaverðum lífvirkum efnum svo sem omega3 fitusýrum, fjölsykrum, náttúrulega litarefninu phycocyanin.

Vistkerfi Bláa Lónsins er eitt sinnar tegundar í heiminum. Kaldur sjór og grunnvatn kemst í snertingu við heitt innskotsberg á miklu dýpi þar sem Ameríku og Evrópu-Asíu flekarnir tengjast. Vökvinn snögghitnar og stígur upp á yfirborð jarðar. Hitaveita Suðurnesja borar eftir slíkum holum og jarðhitavökvinn er nýttur til að veita 17.000 íbúum heitt vatn og 45.000 manns rafmagn.

## Gardiner Museum of Ceramic Art - Toronto, Ontario, Canada.

Keramik er eitt elsta listform í sögu mannsins. Fundist hafa brenndir leirmunir sem eru meir en 11.000 ára gamlir í Asíu og mið austurlöndum. Segja má að keramik sé algengasti list hlutur á nútíma heimilum, hvort sem er til skrauts, í matar og drykkjaráhöldum.



Í Torontó í Canada er eitt stærsta keramik safn sem um getur í heiminum í dag. Safnið var stofnað utan um gjöf frá George og Helen Gardiner, sem áttu gríðarlega stórt og merkilegt keramik safn. Í dag eru yfir 3.000 munir í safninu frá Ameríku, Asíu og Evrópu.

Í safninu er rekið verkstæði fyrir almenning sem getur tvisvar í viku unnið með leir og sótt kennslu í meðferð leirsins. Fyrirlestrar og fræðsla er höfð í hávegum.


**Staðsetning safnsins er: Gardiner Museum**

**111 Queen's Park, Toronto, Ontario, Canada M5S 2C7**

Peir sem eiga leið um Toronto ættu ekki láta þetta safn fara framhjá sér.

Heimasíða safnsins er:

<http://www.gardinermuseum.on.ca>



# Vísnavinir Suðurnesja


og myndlistasýning í Listasmiðjunni.

Vísnavinir Suðurnesja komu saman í fyrsta sinn 14. janúar í

Listasmiðjunni á Ásbrú. Kvöldið var vel sótt, eða nánast fullur salur. Á þessu fyrsta kvöldi komu fram, Halli Reynis, trúbadur sem aðalgestur kvöldsins og flutti hann eigið efni við frábærar undirtektir. Síðan stigu á stökk, Tómas Malmberg, Agnes Lára, Elínrós og að lokum Geir Ólafs.

Á sama tíma opnuðu þær Bjarnveig Björnsdóttir, Sigurlína Ólafsdóttir, Kristín Nielsen og Jóhanna Guðmundsdóttir sýningu á verkum sem þær höfðu gert á námskeiði undir handleiðslu Guðmundar R.

Troðningur var á svæðinu og lætur hér myndirnar tala sínu máli.




Svonefndar “gatvörður” hafa valdið sumum mönnum heilabrotum um langa tíð. Sjá má nokkrar slíkar á Reykjanesskaganum. Ein helsta kenningin hefur verið sú að þær eigi sér skírskotun til sambærilegra mannvirkja í Norður-Ameríku og hefðu því bæði verið hlaðnar af sama fólkinu beggja vegna Atlantshafsins og/eða gegnt sambærulegu hlutverki. Hvert fólkíð var eða hvaða hlutverki þær áttu að hafa þjónað hefur hins vegar ekki verið útskýrt af neinu viti.

Fyrr á tímum voru bændur skuldbundnir til tiltekinnar þegnskylduvinnu. Yfirvaldið ákvað verkefnið, sem gat verið í formi vegghleðslna, gatnagerðar eða vörðuhleðslu, svo eitthvað sé nefnt. Þannig þurfti sérhver bóndi að leggja sitt af mörkum tiltekinn tíma á hverju ári - endurgjaldslaust. Sýslumenn, hreppsstjórar, prestar og læknar gengu í sama skólann, tengdust vinarböndum og tryggðarfestum til lengri framtíðar. Prestarnir virðast hafa haft afgerandi áhrif á vinnuframlagið, sbr. vetrarleið Hvalsnesgötunnar, en þá götu fór presturinn í Hvalsnesi, Hallgrímur Pétursson, jafnan milli vinnustaðarins og heimilisins að Bolabás í Ytri-Njarðvík á 17. öld. Helsta öryggisá hugamál prestanna var að komast lifandi milli kirkjustaða, sem þeim var ætlað að þjóna, einkum í víðsjálegum verðum að vetrarlagi.

Af framangreindum gatvörðum má draga tvenns konar ályktanir; annars vegar þá að einstaka áræðnum bónda hafi ofboðið ánauðin og ákveðið að tjá hug sinn til hennar. Í stað þess að hlaða hefðbundna forskrifada vörðu (60x60 og 120 að hæð) hafi hann viljað vekja athygli á þurfalinginum. Dagsverkið hefur eflaust verið ca. tvær fullhlaðnar vörður og skýrir það vel gatvörðurnar tvær við Presthól. Afurðin hefur í framhaldinu án efa vakið mikið umtal á þeim tíma, enda vörðurnar ólíkar öllum öðrum hefðbundnum við stíginn. Ef til væru stólræður prestsins frá þessum tíma mætti eflaust sjá viðbrögðin við afbrigðilegheitunum - með tilheyrandi bölvunum og bannfæringum.

Svo gildir og jafnan um verk þeirra, sem hafa viljað tjá sig í seinni tíð á annan hátt en hefðbundinn. Líkt og þá hafa verkin verið talin “fáranleg”, en smám saman, með tímanum, fengið viðurkenningu í samræmi við gildi tjáningarinnar. Sömu lögmál eru algild, bæði í tíma og rúmi, um árpúsunda sögu mannskepnunnar - og þarf ekki Reykjanesskagann til.







Hann kallaði til Egils og bað hann ganga með sér til skemmu sinnar. Egill gerði það. Þar tók Eyvindur upp silfurstaup úr vasa sínum. Það var mikið og fagurt og að utan alsett bláum plötum

eða deplum er greptir voru í silfrið. Er þá mælt að Eyvindur hafi sagt Agli frá því að þegar hann um nóttina var á heimleiðinni kominn suður undir Stóra-Dilkinum hafi hann skyndilega orðið gagntekinn af einhverri undarlegri breytingu og kyrrð, sjávarhljóðið virtist deyja út í fjarska og hann heyrði eigi frammar til sjálfs sín er hann gekk.

Í því varð honum litið til Dilksins. Hann var horfinn en í staðinn var þar bygging er hann gat eigi lýst. Var það líkast mörgum húsum er stóðu í röðum hvert aftur af öðru, og æ hærra, er aftar dró. Það næsta og mesta var opið og bjart þar inni. Þar stóð bláklædd og fögur kona. Var hálsmál hennar, ermar og faldur bryddað rauðum borðum. Hún bauð Eyvindur velkominn og leiddi hann inn í stóran sal. Þar voru rósofnir stólar með háum bökum og drekahöfðum til hliða en úr loftinu héngu skálar í löngum festum og loguðu ljós í hring á börmunum. Alls staðar bar skraut fyrir augað en umhverfis ríkti annarlegur blær sem eins og eyddi öllum hávaða. Konan bauð Eyvindi til sætis og mælti:

“Vita skaltu það. Eyvindur, að oft hefi ég bjargað þér frá vondum veðrum og háska. Ég mun því biðja þig að ganga nú í mína þjónustu, þar sem þú hefir eigi meiri skyldur við aðra en mig. Og fegurra mun blik hafsins vera og betra það að sækja frá bústöðum mínum.”

Eyvindur stóð þá upp og mælti: “Eigi mun ég vistast til þín né heillast af þér láta, þótt þú hafir greitt fyrir mér.”

Þá mælti konan: “Ég mun þá gefa þér minjagrip um komu þína.”

Kom hún þá með silfurstaup tvö og könnu. Hún hellti í staupin rauðu víni úr könnunni. Það var svo kalt að staupin dögguðust að utan. En er Eyvindur drakk það, brá svo við að hann sá allt í öðru ljósi og það, er meira var, að allt virtist skyndilega verða enn fegurra og tilkomumeira, veggirnir eins og fjarlægðust, loftið hækkaði og ljósin á skálanum urðu eins og fjarlægjar stjörnur og hann varð svo heillaður af konunni að hann missti þau orð af vörum, er hann með öllu hafði aftekið að sjeja rétt áður.

Þá mælti konan: “Nú hefir þú drukkið þann drykk að þú munt einskis njóta án mín. En fyrst þú afpakkadur boð mitt og virtir að vettugi velgerðir mínar, þá legg ég það á þig að þú skalt eigi til mín komast aftur fyrir mína hjálp. En bikarinn skaltu hafa til minja um fundi okkar. Og mun nú hvorugu okkar líða vel.”

Eyvindur þóttist þá ætla að grípa til hennar, en við það sortnaði honum fyrir augum og áköf suða greip eyru hans en þegar það hvarf, stóð hann utan í Dilkinum og við það hraðaði hann sér sem mest hann mátti heim til bæjar.

Eftir þessa nótt var Eyvindi brugðið. Hann festi eigi hugann við neitt og allt fór úrhendis í búskap hans. Oft lagði hann leiðir sínar til Dilksins, en allt kom það fyrir ekki. Þá var það vetrarkvöld eitt árið eftir að Eyvindur kom heim neðan frá naustum og lagði sig. Jafnskjótt og hann gleymdi sér, dreymdi hann að aldraður maður kæmi að rúmi hans og mælti:

“Illa ferst dóttur minni við þig er hún hefir gert þig afhuga öllu öðru en sér en læsir þó jafnframt fyrir þér bústað sínum. Skaltu nú minnast þess að sjáir þú eitthvað óvenjulegt á himninum í vetur, skalt þú þann sama dag, seint að kvöldi, ganga til Dilksins og mun ég þá greiða þar fyrir þér.”

Leið svo tíminn fram yfir Kyndilmessu að aldrei var róið vegna útsynnings og umhleypinga en er veður hægðust og Eyvindur reri í fyrsta sinn þessa vertíð, lagðist hann við stjóra á miði því, er Brúnkolla heitir. Voru þar flestir hásetar Eyvindar öngulsárir. En með birtingu kom Eyvindur á drátt einn þungan svo að hann varð að lúta fram við hann en við það herti hálsborgin á skinnstakki hans mjög að honum. Þegar minnst varði, missti Eyvindur dráttinn af færinu og losaði hann þá strax um hálsbjörgina í beinsylgju sinni að framan. En við það rétti hann sig upp og varð um leið litið til austurs. Sá hann þá gylliniský á austurloftinu þar sem dagurinn var að fæðast. Við það brá Eyvindi svo að hann skipaði hásetum litlu síðar að hanka upp færin frá fiski sem tekinn var að örvast. Var þá létt stjóranum og haldið heim.

Þegar heim kom og tekið hafði verið á köstum og skipt í hluti, voru fimm til hlutar og sló þá óhug á hásetana, því að þeir minntust orðtaksins forna: að betri eru fjórir á skip en fimm í hlut í fyrsta róðri.

Þetta kvöld á vökunni brá Eyvindur sér út en kom ekki aftur. Var hans leitað oft og lengi en aldrei fannst hann né kom fram eftir þetta og var það hald manna að hann hefði náð til álfkonunnar í Dilkinum og hún tekið hann í fulla sátt. Nokkrum vikum seinna bar svo við, er komið var út í skemmu Eyvindar að þar var veizlumatur mikill er enginn kannaðist við og var það álitin sending úr brúðkaupi hans til hjúa sinna. En lengi var það svo í Junkaragerði er rifjuð var upp sagan um Eyvind og hvarf hans að þá var silfurbikarinn með bláu deplunum sýndur til minja um Eyvind og bústaði álfanna í Stóra-Dilkinum.

# Listamaðurinn ?

“...þorri íslenskra listamanna er bljúgir aular...”

**Kjartan Guðjónsson** er álitinn einn af bestu núlifandi málurum á Íslandi í dag. Hann nam list, fyrst á Íslandi en síðar í Art Institute of Chicago og síðar í Accademia di Belle Arti í Flórens. Kjartan hefur verið áhrifamikill í Íslensku listalífi í meira en hálfri öld! Hann var einn af málurum sem voru þekktir sem Septem-hópurinn og héldu fyrstu sýningu sína saman árið 1947. Kjartan var kennari í Myndlistarskóla Reykjavíkur í meira en 25 ár.



Kjartan Guðjónsson hefur haldið fjölmargar sýningar, bæði einn og með öðrum. Hann er líka þekktur fyrir verk sín á sviði hönnunar og myndskreytingar. Þrátt fyrir að árin séu orðin mörg er Kjartan enn hugmyndaríkur og málur kraftmiklar og áhrifaríkar myndir.

Ég kynntist Kjartani þegar ég hóf nám við Myndlista og handíðaskóla Íslands 1987 en þá kenndi hann þar. Ég man þegar ég var á öðru ári að Kjartan sagði við mig ; “ þar sem hundaskítur er, er nýlistadeildin” . Kjartan lá aldreym á skoðunum sínum sem ég kunní ákaflega vel að meta og hann var frábær kennari.

( Úrdráttur úr grein BÁ á Facebook ) Myndlist - Bragi Ásgeirsson

Málurinn Kjartan Guðjónsson er þekktur fyrir að ganga umbúðalaus til verks og tala tæpitungulaust um hlutina. Fyrir margt löngu á tímum Septembersýninganna var hann reiður ungur maður og talaði máli núlista tímanna af mikilli einurð og ósveigjanleika. Þeir ungu menn, er þá voru, vissu að þeir höfðu

góðan málstað að verja eins og komið hefur á daginn, því að list þeirra var í takt við hjartslátt og sál nýrra tíma. Menn voru einungis ekki reiðubúnir til að meðtaka slíkar nýjungar utan úr heimi hér á útskerinu og spyrntu því fast við fótunum.

Það getur líka verið fjárir flókið að vera myndlistarmaður í jafn litlu og einangruðu þjóðfélagi, þar sem jafnvel höfuðborgin er líkust ofvöxnu smáþorpi, þar sem köld skynsemi efnishyggjunnar hefur oftast borið sigur af hólmi yfir heitum tilfinningum og skapandi kenndum.

Listamaðurinn Kjartan Guðjónsson hefur víða komið við eins og margur veit og haldið fjölda málverkasýninga, en eitt hefur hann aldrei gert áður sem vekur furðu, og það er að halda sersýningu á teikningum. Hann er nefnilega löngu viðurkenndur sem afbragðs teiknari, sem hefur m.a. myndlýst bækur og fornsögur auk þess að vera í auglýsingastússi um árabíl þar sem hann beitti teiknikunnáttunni óspart.



*Nokkur verk eftir Kjartan Guðjónsson*



## Veist þú hvaða vatn þetta er hér fyrir miðri mynd ?



Svar er á síðustu síðu ( baksíðu ) .

### Salfisksetur Íslands í Grindavík

Menningamiðstöð.

Þegar leið á 18. öldina, og þilskip tóku að leysa áráskipin af hólmi, varð salfiskur aðalútflutningsvara Íslendinga. Fram að því höfðu vaðmál og skreið verið undirstaða utanríkisverslunar. Með tilkomu togaranna varð salfiskverkun í raun að stóriðju og salfiskur hefur æ síðan skipt verulegu máli fyrir afkomu þjóðarbúsins. Grindvíkingar hafa löngu verið drjúgir við að salfiskinn og sýningum sögu verkunar og sölu á salfiski og þýðingu hans fyrir þjóðarbúið í gegn um tíðina á því vel heima í þessu ágæta sjávarplássi við suðurströndina.

Sýningin ætti að geta orðið forvitnileg fyrir erlenda ferðamenn, fróðleg fyrir skólafólk, sem getur hér kynnt sér mikilvægasta atvinnuvegin, og ánægjuleg fyrir hinn almenna Íslending sem fer í helgarbíltúr með fjölskylduna. Hún ætti einnig að geta orðið liður í að draga upp og efla sjálfsmynd bæjarins og fólksins sem þar býr.


Aðstæður hafa hagað því þannig að ekkert byggðasafn er staðsett í Grindavík. Salfisksetrið kemur því stað safns og mun án efa verða miðpunktur margvíslegrar menningarstarfsemi heimamanna og að auki aðráttarafl og upplýsingarmiðstöð fyrir ferðamenn sem sækja staðinn heim.

Gerður var verksamningur milli Ístaks h/f og Salfisksetursins um byggingu sýningarskála. Sýningarskálinn er 650 m<sup>2</sup> að grunnfleti og sýningarsvæði á tveimur gólfum alls 510 m<sup>2</sup>. Gert er ráð fyrir að húsið verði tilbúið í September 2002 og kostnaðarverð samkvæmt verksamningi er um 106,5 milljónir króna. Grindavíkurbær mun verða leiðandi aðili við framkvæmd verkefnisins í samstarfi við

stofnendur Salfisksetursins og aðra styrktaraðila. Hönnuðir sýningarskálans eru Yrki s/f arkitektar Ásdís H. Ágústsdóttir og Sólveig Berg Björnsdóttir.

Í framhaldi að þessu var gerður samningur við Björn G. Björnsson sýningarhönnuð um hönnun og uppsetningu sýningarinnar. Saga salfisksins verður sögð með stórum myndum, hnitmiðuðum texta og fáum en lýsandi munum. Gínur koma í staðinn fyrir fólk í leikmyndinni. Tæknin kemur við sögu þar sem notast er við sjónvörp á gólfum, sýningartjald á vegg, 32” sjónvarp og DVD spilarar tengdir við. Möркуð er ákveðin leið í gegnum sýninguna og sagan þannig rakin í tímaröð.

Í salfisksetrinu er einnig rekin sýningasalur ( II hæð ) fyrir myndlist.



Frá sýningunni “ Memorialist “ 2008

# Undirbúningur að einkasýningu í Listasafni Reykjanesbæjar



Sketch of the art exhibition by Guðmundur R. Ludvíksson in Reykjanes Art Museum at the Duushús Cultural Centre september 2010.



Það að halda einkasýningu kallar oftast á mikinn undirbúning og langa vinnu. Oftast hefst undirbúningurinn ári áður eða jafnvel nokkrum árum fyrr en sýning fer fram. Í þessu tilfalli sem hér er sagt frá, er unnin sýning sérstaklega í rýmið, það er að segja að verkin eru í raun ekki sjálfstæð, heldur fyrst og fremst unnin með sýningasalinn í fyrirrúmi. Hugmynd að sýningunni kviknaði þegar boð kom frá listasafninu árið 2009. Í fyrstu var hugmyndin sett niður á blað að verkunum. Gerð er kostnaðaráætlun og efnis listi gerður. Þau í raun nokkuð fullmótuð löngu áður en hafist er handa við gerð verkanna. Síðan tekur við heilt ár að gerð verkanna í fullri vinnu alla daga. Á ferlinu verða ýmis ljón í vegi bæði tæknileg og í vinnslu. Upp koma ýmsar krísur s.b spurningar hvort hugmyndin sé í raun einhvers virði, hvort vinna eigi verkin á annan hátt eða hreinlega hætta eigi við hugmyndina og byrja á annarri. Þetta ferli er oft ákaflega frekt á sálina og tekur á. Sýningin sem hér er rætt um verður ekki fyrr en í byrjun september 2010.



Myndir af vinnustofunni. Verk í vinnslu. Hvert verk á vegg er 275 cm x 125. Einnig verða 29 skúlptúrar á gólfi.

**FERLIR**

Forsíða | Ferðir | Tenglar | Framundan | Ferlir | Skrár | Myndir

» Kort

**mbl.is** Veður

**mbl.is** Ferðavefur

**Grindavík**  
...góður bær

MOSFELLSBÆR

Sveitarfélagið Vogar  
vinalegur bær

GARÐUR 100

**Nýjast**

10.01.2010 - Seljadalur - Reynivallasel - Vindásasel - Fossársel.  
Lagt var af stað frá hlaðinni rétt í Kálfadal við svonefndan Sjávarfoss. Um 250 metra ofar er önnur hlaðin rétt, allmiklu eldri. &A... : Meira

09.01.2010 - Rein (Arneshellir) - Guðfinnuþúfa  
Haraldur sagði Arneshelli vera í Háahnúk, ca. á þriðja stelli undir bábungunni. Þetta væri í rauninni ekki hellir heldur sýlla eð... : Meira

08.01.2010 - Sveinn Björnsson - listmálari og yfirlögregluþjónn  
Vegurinn var góður og umhverfið fagurt. Leiðin lá til

<http://ferlir.is/?> - Áhugafólk um Suðurnesin - Fróðleikur

Forsíða | Fréttir | Ferðirnar | Um okkur | Myndir | Verslun

**sjf menningarmiðlun**

**AF STAÐ á Reykjanesið**

Skráðu þig á PÓSTLISTANN

Um OKKUR

Verslaðu BÆKLINGA

Fréttir og tilkynningar

Næstu ferðir

Leit:

**Jólakveðja**  
lesa meira

**Byggð barnsku minnar**  
Byggð barnsku minnar  
Mánudaginn 28. des. frá kl. 18-20 verður dagskrá...  
lesa meira

**Menningar- og sögutengd ganga um Hraun**  
Menningar- og sögutengd ganga í boði Grindavíkurbæjar og Saltfiskssetursins...  
lesa meira

**Gönguhátíð um verzlunarmannahelgina**  
AF STAÐ á Reykjanesið - Menningar- og sögutengd gönguhátíð...  
lesa meira

**Grindavík**  
... góður bær

CINTAMANI

**2009**  
Viðburða- og Menningarágagskrá

<http://www.sjfmennningarmiðlun.is/?> - Gönguferðir á Reykjanesi ofl.

# Troðningur

5tbl. janúar 2010

Myndin á baksíðunni er verk eftir Guðmund R Lúðvíksson " Draugur getur son " 2007 - Vörður á Reykjanesinu

## DRAUGUR GETUR SON

Einu sinni er sagt að maður nokkur  
hafi lagt hug á prestsdóttur nokkra,  
en gat með engu móli fengið hennar hvort  
sem það var nú henni að  
kenna eða foreldrum hennar. Heitaóist hann þá  
við að njóta samfara við hana  
dauður fyrst hann gæli það ekki lífandi.  
Litlu síðar dó hann af greinju og hugstriði.  
Var hann jarðaður  
þar á staðnum sem prestsdóttir var.  
Þetta var eftir sumarmál.  
Unglingur um tvítugsaldur veldi yfir velli á  
prestssetrinu.  
Sá hann það einhverja nótt að maður  
í líkkjæðum skaut úr kirkjugarðinum inn í bæinn.  
Pilturinn litáóist þá um í kirkjugarðinum og  
sá að gróf manns þessa var opin og var hún  
auðþekkt því þetta var nýjasta gröfin í garðinum.

Pilturinn hafði heyrt ávæning af hvernig á stöð.  
Hafði hann hjá sér þrjóna, knýttli að hryklinum svo  
honum yrði kíppt að sér á bandinu og lét hann svo  
falla í gröfina. Innan skamms kom afturgangan  
og gat ekki næð gröfinni. Kvaóst pilturinn ekki leyfa  
það nema hann segði sér allt er hann spyrdi að og  
hlaut þá svo að vera.

Afturgangan kvaóst vera komin frá prestsdóttur og  
hafa komið fram vilja sínum við hana sofandi, og væri  
hún barnshafandi og mundi elga son er yrði prestur,  
en í fyrsta sinn sem hann snéri sér fram fyrir allari og  
heyrdi svarló: Og með þínum anda, - myndi kirkjan sökkva  
nema ef einhver væri svo hugaður að hann ræki prestlín  
gegn þegar hann snéri sér fram. Síðan leyfði pilturinn  
vofunni gröfina og kíppli hryklinum upp.

Á réttum tíma frá þessu ói prestsdóttir sveinbarn og  
gat ekki feðrað. Þegar barnið vóð upp varð það námsmaður  
mikill svo drengurinn var seltur í skóla og lauk sér þar af  
bæði fljótt og vel. Vigóist hann til prests þegar hann hafði  
aldur til. Var piltur sá er fyrr er getló þá einhver hinn  
heilsti bóndi í sókninni. Hafði hann aldrei getló þess við  
neinn er fyrir hann bar forðum.

Dag þann er hinn nýi prestur átti að embætta fyrst saf  
bóndi á lausabekk nálægt grátum,  
og þegar prestur snéri sér fram stóð bóndi upp,  
greip knif undan mussu sinni og lagði fyrir brjóst presti.  
Óllum féllust höndur við þetta líraði.  
Bóndi bað menn athuga messukjæðin er lágu í  
hrúgu fyrir allarinnu, og fannst ekkert í þeim nema herðarblað  
og þrjú blóðdropar er vættur þessi hafði  
af móður sinni.

Sagði bóndi söfnuðinum þá upp alla söguna.  
Þökkðu allir honum verkið og þökkðu  
gúði að ekki hlaut verra af.